

Alþingi
Erindi nr. P 128/242
komudagur 21.11.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. nóvember 2002

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, 244. mál.

Í b-lið 16. gr. laga nr. 85/2002 er sjávarútvegsráðherra heimilað að ráðstafa 500 lestum af þorski til tilrauna um áframeldi þorsks. Þar sem heimildin var ekki nýtt á síðasta fiskveiðiári gerir frumvarpið ráð fyrir að hægt verði að flytja þann hluta hennar sem ekki var nýttur á liðnu fiskveiðiári yfir á það næsta.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85 frá 1990 var sjávarútvegsráðherra veitt heimild til þess að ráðstafa árlega 1500 lestum af botnfiski til þeirra byggðarlaga sem áttu í verulegum erfiðleikum vegna samdráttar veiðiheimilda á viðkomandi svæði. Þar sem þeim 500 lestum sem sjávarútvegsráðherra hafði heimild til þess að útluta í þessu skyni á liðnu fiskveiðiári var ekki útlutað vegna þess að sérstakar reglur skorti gerir frumvarpið ráð fyrir því að heimilt verði að flytja þær yfir á yfirstandandi fiskveiðiár.

Að mati Vélstjórafélags Íslands er hér um sjálfsagðar og eðlilegar breytingar að ræða.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!